



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
6. fundur 2010 (15. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 21.05.2010 kl. 10 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Sigurður Thoroddsen	skipulagsnefnd
Steinþór Einarsson	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Páll Svavar Pálsson	"
Eiríkur Bjarnason,	ritari skipulagsnefndar
Magnús Guðmannsson	fyrrv. skipulags- og byggingarfulltrúi
Sigurður H. Ólafsson	skipulags- og byggingarfulltrúi

1. Aðalskipulag Sandgerðisbæjar 2008 – 2024

Lögð voru fram tvö bréf frá Kanon arkitektum og VSÓ Ráðgjöf f.h. Sandgerðisbæjar, dags. 04.05.2010, þar sem brugðist er við athugasemdum skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar við kynningu á tillögu að aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 2008 – 2024. Ekki er tilefni til frekari athugasemda af hálfu skipulagsnefndarinnar að svo komnu máli.

2. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar – umsögn Umhverfisstofnunar

Lagt var fram bréf Umhverfisstofnunar, dags. 04.05.2010, varðandi auglýsingu á breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar. Frestur til að gera athugasemdir við skipulagstillöguna rann út 12.04.2010. Í bréfinu kemur Umhverfisstofnun þeim tilmælum á framfæri að heilbrigðiseftirlit Suðurnesja eða aðrir þar til bærir aðilar kanni ástand svæðanna sem færð eru í borgarleg not hvað varðar mengun eða gamlar sprengjur.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar lítur ekki á tilmæli Umhverfisstofnunar sem efnislega athugasemd við skipulagstillöguna sem áhrif hefur á afgreiðslu aðalskipulagsins.

3. Deiliskipulag við Rósaselstorg Garði

Undir þessum lið véc Páll Svavar Pálsson, byggingarfulltrúi Sveitarfélagsins Garðs, af fundi.

Lagt var fram erindi Sveitarfélagsins Garðs, dags. 21.04.2010, þar sem óskað er eftir umsögn eða athugasemdum Keflavíkurflugvallar um frumdrög að deiliskipulagi við Rósaselstorg. Í frumdrögnum kemur til álita að staðsetja bensínstöð við torgið.



Lagt var ennfremur fram erindi skipulagsfulltrúa Keflavíkurflugvallar, dags. 12.05.2010, þar sem sett eru fram eftirfarandi sjónarmið ISAVIA ohf (Keflavíkurflugvallar ohf) vegna staðsetningar bensínstöðvar á öryggissvæði B:

„Bréf byggingarfulltrúans í Garði dags. 21. apríl. Í bréfinu segir að Sveitarfélagið Garður hafi látið útbúa frumdrög að deiliskipulagi við Rósaselstorg. Í tillögunni kemur til greina að staðsetja bensín sjálfsafgreiðslustöð við Rósaselstorg. Í bréfinu kemur fram að oftast séu bensínstöðvar staðsettar á þjónustusvæðum en oft séu þær heimilaðar á iðnaðar- eða athafnasvæðum ef ekki eru alvarleg mótrök gegn því. Fordæmi séu fyrir því að bensínstöðvar séu reistar svo nálægt flugbraut, til dæmis við Reykjavíkurflugvöll. Hjálagður er uppdráttur merktur „1 Frumdrög - deiliskipulag á suðursvæði Sveitarfélagið Garður.“ Þar kemur fram að á öryggissvæði B er gert ráð fyrir athafnasvæði og innan þess er lóð bensínstöðvarinnar.

Gildandi aðalskipulag er Aðalskipulag Garðs 1998-2018 frá 5. nóv 2009. Í greinargerð á uppdrættinum segir í kafla un landnotkun og ásýnd: „Á athafnasvæðum er m.a. gert ráð fyrir að koma fyrir byggingum undir flugsækna starfsemi og léttan iðnað, vörugæmslum og þjónustubyggingum tengdum bílum, s.s. bílasölu, bílaleigu og bensínstöð“. Í sama kafla eru síðan settar frekari takmarkanir á landnotkun innan öryggissvæðis B, svohljóðandi: „Á athafnasvæðum innan öryggissvæðis B eru aðeins leyfðar byggingar fyrir iðnaðarhús sbr. flugöryggissvæði B. Gert er ráð fyrir byggingum undir léttan iðnað, vörugæmslum og hreinlegum verkstæðum.“

Í sömu greinargerð í kaflanum „Umhverfisskýrsla“ segir: „Á deiliskipulagsstigi þarf að fjalla nánar um öryggismál flugvallarins“. Verður að líta svo á að hér sé verið að fjalla um öryggismál flugvallarins í því samhengi.

Í athugasemdum, sem Keflavíkurflugvöllur ohf og skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar gerði við aðalskipulagsuppdráttinn segir:

„Reitir merktir 3a, 3b og 3c og hluti reits 5 eru skilgreindir sem athafnasvæði. Þessir reitir eru innan öryggissvæðis vegna flugumferðar, öryggissvæði „B“ þar sem einungis er leyfð iðnaðarstarfsemi. Öll starfsemi sem kallar á að starfsfólk og viðskiptavinir dveljist á þessum svæðum er óæskileg, enda eru öryggissvæðin skilgreind þar sem langmesta hættan er á flugslysum. Starfsemi eins og dæmi eru tekin um í skýringum á uppdrættinum (flugsækin starfsemi, starfsemi tengd ferðaþjónustu, ráðstefnuaðstaða, þjónusta og afþreying, þjónustubyggingar tengdar bílum og rýmisfrekt verslunarhúsnæði) getur ekki átt heima á þessu svæði. Tekið skal fram að þarna er um að ræða svæði rétt við enda 02-20 flugbrautar Keflavíkurflugvallar, sem er aðalflugbraut flugvallarins með um 80% af allri flugumferð. Þar að auki er svæðið innan hávaðamarka þeirra sem sýnd eru á skipulagsuppdrættinum.“ Einnig segir í lokaorðum Skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar:

„Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar beinir því til Sveitarfélagsins Garðs að skoða þann kost að fella alveg út byggð á öryggissvæði B og til vara að landnotkun verði breytt úr athafnasvæði, sem alls ekki getur verið á öryggissvæðinu, í iðnaðarsvæði með þeim takmörkunum sem leiða af öryggissvæði B“.

Í framhaldi af þessum athugasemdum var ákvæðum um byggingar innan flugöryggissvæðis B breytt í það horf sem staðfest aðalskipulag segir, þ.e. að þar séu



einungis leyfðar byggingar fyrir iðnaðarhús. Líklegt má telja að bensínstöð rúmist innan skipulags iðnaðarsvæðis.

RUMSK telur í ljósi fyrri athugasemda Keflavíkurflugvallar ohf og skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar m.t.t. öryggisþátta að óæskilegt sé að bensínstöð sé staðsett á öryggissvæði B í aðflugslínu að flugbraut 02-20.“

Þessi bókun er hér með send Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar til afgreiðslu.”

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkti að gera framangreinda bókun að sinni og verði henni komið á framfæri við Sveitarfélagið Garð.

4. Svæðisskipulag Suðurnesja – staða mála/leiðarljós

Lagt var fram til kynningar efni kynningarfundar um svæðisskipulag Suðurnesja sem haldinn var 03.05.2010. Samvinnunefndin um svæðisskipulag hefur samþykkt leiðarljósið og það hefur verið kynnt á almennum kynningarfundum.

5. Deiliskipulag A – svæðis, Blikavöllur 5

Lögð var fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Blikavöllur 5 á A – svæði. Tillagan felur í sér að byggingarreitur lóðarinnar er breikkaður úr 16 m í 20 m. Ennfremur eru breytingar gerðar á byggingarskilmálum í þá veru að sett eru inn ákvæði um yfirborðsefni bygginga á skipulagssvæðinu, sem fyrir mistök féllu út við breytingu á deiliskipulaginu 2003. Textinn var á þeim tíma samþykktur af SBUN og Varnarliðinu og er nú settur inn aftur óbreyttur. Ákvæðið um yfirborðsefni bygginga er nauðsynlegt svo að ekki komi til truflana á rekstri ratsjárstöðvarinnar á Miðnesheiði (H1).

Skipulagsnefndin samþykkti að auglýsa framangreinda breytingu á deiliskipulaginu í samræmi við 25.gr. skipulagslaga nr. 73/1997.

6. Bréf Varnarmálastofnunar Íslands til ISAVIA ohf með afriti m.a. til skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar, dags. 18.05.2010, varðandi stöðvun framkvæmda við hótélbyggingu að Blikavelli 2.

Lagt var fram bréf Varnarmálastofnunar Íslands til ISAVIA ohf., dags. 18.05.2010, þar sem mælt er til þess á grundvelli öryggis-, varnar- og flugöryggishagsmuna að framkvæmdir við byggingu hótels að Blikavelli 2 verði stöðvaðar án tafar og byggingarleyfi hússins verði endurskoðað með tilliti til þjóðarhagsmuna.

Telur Varnarmálastofnun að allar byggingar sem eru yfir fjórar hæðir muni skerða starfsemi ratsjárstöðvar á Miðnesheiði (H1). Hótelið að Blikavelli 2 er með samþykkt byggingarleyfi samkvæmt byggingarskilmálum fyrir sjö hæðum.

7. Næsti fundur skipulagsnefndar

Næsti fundur skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar hefur ekki verið ákveðinn.

Fleira ekki gert, fundi slitið.